

Tillaga til 418. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 17. maí 2018

Tillaga 497. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 25. apríl sl., að umsögn um frummatsskýrslu um framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði.

4. Aukin framleiðsla á laxi í Arnarfirði - 2016020071

Lagður fram tölvupóstur Ómars Ingþórssonar f.h. Skipulagsstofnunar, dagsettur 3. apríl sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar frummatsskýrsla um framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1012. fundi sínum 9. apríl sl., og vísaði til umfjöllunar í skipulags- og mannvirkjanefnd.

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar telur að frummatsskýrsla Arctic Sea Farm uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og geri grein fyrir framkvæmdinni á fullnægjandi hátt. Engu að síður bendir nefndin á að nýtingaráætlun Arnarfjarðar 2012-2024 gerir ekki ráð fyrir kvíaelði á svæðinu milli Hvestudals og Bíldudals.